

Karatesamband Íslands
20. ársþing
3. febrúar 2007

1. Þingsetning

2. Kosnir fastir starfsmenn þingsins

Hafsteinn Pálsson kosinn þingforseti og setur hann þingið. Ólafur Rafnsson, forseti ÍSÍ, flytur ávarp sitt. Lýkur hann lofsorði á skýrslu stjórnar og hælir Reinharð Reinharðssyni fyrir vel unnin störf. Þá lýsir Ólafur ánægju sinni með fjölda kvenna á þinginu og kveður það miður hve fáar konur veljist til setu í stjórnun og þjálfarastarfa innan ÍSÍ. Hann fer nokkrum orðum um mál á vettvangi ÍSÍ og segir frá samningaviðræðum um styrk til þriggja ára úr ríkissjóði sem vonandi megi m.a. verða karateíþróttinni til framdráttar. Ólafur flytur þinginu kveðju stjórnar ÍSÍ og fagnar því um leið að nokkrir fulltrúar stjórnarinnar sitji ársþingið af einskærum áhuga. Að lokum óskar hann þinginu velfarnaðar í störfum sínum.

3. Kosnar fastar nefndir (formaður nefndar talinn fyrst)

a) Kjörbréfanefnd

Halldór Svavarsson, Eypór Ragnarsson, Sigurbjörn Jónsson

b) Fjárlaganefnd

Kristján Gaukur Kristjánsson, Helga Arnar, Birgir Hjartarson

c) Laga- og leikreglanefnd

Gunnlaugur Sigurðsson, Helgi Jóhannesson, Pétur Freyr Ragnarsson

d) Allsherjarnefnd

Indriði Jónsson, Sigríður Björnsdóttir, Ágústa Rós Andrésdóttir

e) Kjörnefnd

Willem Cornelius Verheul, Reinharð Reinharðsson, Atli Steinn Guðmundsson

4. Fráfarandi stjórn gefur skýrslu

Reinharð Reinharðsson, formaður KAÍ, gerir grein fyrir helstu atriðum skýrslunnar og nefnir þar t.d. Grand Prix-mótaröð, endurvakningu Karatedagsins, uppbyggingu nýs unglíngalandsliðs og Norðurlandamót í Reykjavík 2008. Þá þakkar hann stjórnarmönnum störf þeirra og vonast eftir áframhaldandi samstarfi.

Kjörbréfanefnd skilar því áliti sínu að allir þingmenn séu kjörgengir og kjörbréf séu samþykkt.

5. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram og ræddir

Kristján Gaukur Kristjánsson leggur fram endurskoðaða reikninga og fjallar um þá. Ingibjörg Jóhannesdóttir frá stjórn ÍSÍ lýsir ánægju sinni með skýrslu stjórnar og reikningana. Reikningar bornir undir atkvæði og samþykktir einróma.

6. Fjárhagsáætlun næsta árs lögð fram

Reinharð Reinharðsson kynnir áætlunina. Henni vísað til fjárlaganefndar.

7. Lagðar fram tillögur að laga- og leikreglnabreytingum

Lagabreytingatillögur eru þrjár. Kynnir Reinharð tillögu stjórnar KAÍ og Indriði Jónsson tvær tillögur Breiðabliks. Leikreglnabreytingar eru fjórar (þó í nokkrum liðum). Kynnir Reinharð tillögu stjórnar, Ágústa Rós Andrésdóttir tillögu Karatefélags Akraness, Helgi Jóhannesson sínar eigin tillögur og Kristján Gaukur Kristjánsson tillögur Fjölnis.

8. Tillögur um önnur mál

Reinharð Reinharðsson leggur fram og kynnir nýja verðskrá stjórnar KAÍ.

9. Málum og tillögum vísað til nefnda

Hafsteinn Pálsson þingforseti vísar tillögum til nefnda og boðar þinghlé.

Þinghlé

10. Nefndarálit og tillögur og atkvæðagreiðslur um þær

a) Allsherjarnefnd gerir þá tillögu um verðskrá KAÍ að þar bætist klausan „...auk flutningskostnaðar“ við 2. lið þar sem fjallað er um keppnisdýnur.

Samþykkt einróma.

b) Laga- og leikreglnanefnd gerir grein fyrir tillögum sínum.

Ályktun stjórnar um nýtt merki Karatesambandsins.

Samþykkt einróma.

c) Tillaga Indriða Jónssonar um breytingu á 5. gr. laganna:

5. gr

er

.....Málefni sem sambandsaðilar óska að tekin verði fyrir á þinginu skal tilkynna stjórn KAÍ minnst 21 degi fyrir þingið.

Þá skal stjórn KAÍ tilkynna sambandsaðilum dagskrá þingsins.....

Tillaga undirritaðra (bæta inn einni málsgrein)

Málefni sem sambandsaðilar óska að tekin verði fyrir á þinginu skal tilkynna stjórn KAÍ minnst 21 degi fyrir þingið. Þó er Leyfilegt að bera upp málefni á þinginu, enda er málefnið tilkomið vegna beinna áhrifa annarra lagabreytinga sem þingið hefur samþykkt. Þá skal stjórn KAÍ tilkynna sambandsaðilum dagskrá þingsins.

Nefndin leggur til að tillagan verði dregin til baka og verða um þá tillögu stuttar umræður. Niðurstaða: Tillagan kom ekki til baka úr nefnd og féll niður.

d) Tillaga II um breytingu á 9. gr.:

Er

Stjórn KAÍ fer með æðsta vald í málefnum sambandsins á milli þinga. Stjórn KAÍ skipa 5 menn: formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og meðstjórnandi. Skal kjósa bundinni leynilegri kosningu, formann fyrst, síðan meðstjórnendur, sem skipta með sér störfum. Kjósa skal 3 menn í varastjórn og taka þeir sæti í stjórninni ef aðalmaður forfallast og koma inn í sömu röð og þeir voru kosnir.

Stjórn KAÍ skal strax að loknu ársþingi skipa eftirtaldar nefndir:

Mótanefnd KAÍ og landsliðsnefnd KAÍ.

Hvor nefnd skal skipuð minnst þremur mönnum. Stjórn KAÍ skal boða formenn nefnda á stjórnarfund þegar þurfa þykir eða formenn nefnda óska þess. Stjórninni er heimilt að ráða launað starfsfólk. Aðsetur stjórnar er í Reykjavík. Reikningsár KAÍ miðast við almanaksárið.

Tillaga undirritaðra:

Stjórn KAÍ fer með æðsta vald í málefnum sambandsins á milli þinga. Stjórn KAÍ skipa formenn allra aðildarféлага ásamt Formanni, Gjaldkera og Ritara sem kosnir eru á KAÍ þingi. Ekki skal kosið í varastjórn, en varaformenn aðildarféлага sitja fundi forfallist formaður aðildarfélags: Formaður, ritari og gjaldkeri skal kjósa bundinni leynilegri kosningu, formann fyrst, síðan gjaldkera og svo ritara.

Stjórn KAÍ skal strax að loknu ársþingi skipa eftirtaldar nefndir:

Mótanefnd KAÍ og landsliðsnefnd KAÍ.

Hvor nefnd skal skipuð minnst þremur mönnum. Stjórn KAÍ skal boða formenn nefnda á stjórnarfund þegar þurfa þykir eða formenn nefnda óska þess. Stjórninni er heimilt að

ráða launað starfsfólk. Aðsetur stjórnar er í Reykjavík. Reikningsár KAÍ miðast við almanaksárið.

Nefndin leggur til að tillagan komi ekki úr nefnd en gerð yrði þingsályktunartillaga um að formenn félaga hefðu áheyrnar- og tillögurétt á stjórnarfundum KAÍ og haldinn verði sérstakur formannafundur að hausti.

Samþykkt einróma.

Reglugerðabreytingar teknar fyrir

a) Reglur um Íslandsmeistaramót ræddar og tillaga Fjöltnis tekin fyrir. Helgi Jóhannesson dregur tillögu sína til baka þar sem tillaga Fjöltnis gengur lengra.

Grein fyrir grein:

2. gr. var:

Unglingameistaramót í Kumite skal haldið í október og Íslandsmeistaramót í Kumite skal haldið í nóvember ár hvert. Meistaramót barna í Kata skal haldið í janúar eða febrúar ár hvert, þó ekki síðar en 2 vikum fyrir Unglingameistaramót í Kata. Unglingameistaramót í Kata skal haldið í febrúar og Íslandsmeistaramót í Kata skal haldið í mars ár hvert...

2. gr. verður:

Íslandsmeistaramót unglínga í Kumite skal haldið í október og Íslandsmeistaramót **fullorðinna** í Kumite skal haldið í nóvember ár hvert. **Íslandsmeistaramót** barna í Kata skal haldið í janúar eða febrúar ár hvert, þó ekki síðar en 2 vikum fyrir **Íslandsmeistaramót unglínga** í Kata. **Íslandsmeistaramót unglínga** í Kata skal haldið í febrúar og Íslandsmeistaramót **fullorðinna** í Kata skal haldið í mars ár hvert...

Halldór Svavarsson leggur til að tillagan verði felld þar sem hún sé til þess fallin að draga úr virðingu fyrir titlinum „Íslandsmeistari“ nái hún fram að ganga og bjóði auk þess upp á vissa misnotkun titilsins.

Kristján Gaukur Kristjánsson mótmælir þessu og telur ógerning að sníða lögin að því hvort einhver muni hugsanlega einhvern tímann misnota sér titilinn.

Ólafur Hreinsson kveður þessa tillögu ítrekað hafa komið upp og sé hér aðallega þörf á að ganga þannig frá hugtökum og heitum innan íþróttarinnar að notkun þeirra verði samræmd.

Indriði Jónsson kveður sér hljóðs og segir tæplega hægt að kalla það misnotkun þótt einhver dragi það upp að hann hafi einhvern tímann verið Íslandsmeistari.

Samþykkt með öllum atkvæðum gegn einu.

6. gr. var:

Á hverjum velli skulu vera kynnir, ritari, aðstoðarmaður ritara, tímavörður og vallarstjóri. Í kata skulu vera 3 eða 5 dómara, en 4 dómara í kumite. Á kumitemótunum skal vera læknir eða hjúkrunarfræðingur til staðar. Hvert þáttökufélag er skylt að tilnefna 1 starfsmann fyrir hverja 10 keppendur eða hluta af þeim fjölda og a.m.k. einn dómara. Starfsmenn og keppendur skulu bera einkennismerki og keppnissvæðið skal afgirt frá áhorfendum. Á barna- og unglíngameistaramótum skal hvert félag tilnefna liðsstjóra sem aðstoðar starfsfólk mótsins við að halda reglu á mótinu. Mótanefnd er heimilt að sekta félög eftir 16. gr. ef þau vanrækja að tilnefna starfsfólk, halda liðsstjóra eða tilnefna dómara. Keppendur á barna- og unglíngameistaramótum skulu vera komnir á mótsstað a.m.k. 30 mínútum áður en keppni hefst, en á Íslandsmeistaramótum fullorðinna skulu keppendur vera komnir á mótsstað a.m.k. 30 mínútum áður en keppni hefst í þeirra keppnisflokki. Sé barna- eða unglíngamót mjög fjölmennt getur mótanefnd skipt því upp í 2 hluta og þurfa þá keppendur að vera komnir á mótsstað a.m.k. 30 mínútum áður en keppni hefst í þeirra hluta.

6. gr. verður:

Á hverjum velli skulu vera kynnir, ritari, aðstoðarmaður ritara, tímavörður og vallarstjóri. Í kata skulu vera 3 eða 5 dómara, en 4 dómara í kumite. Á kumitemótunum skal vera læknir eða hjúkrunarfræðingur til staðar. Hvert þáttökufélag er skylt að tilnefna 1 starfsmann fyrir hverja 10 keppendur eða hluta af þeim fjölda og a.m.k. einn dómara. Starfsmenn og keppendur skulu bera einkennismerki og keppnissvæðið skal afgirt frá áhorfendum. Á **Íslandsmeistaramótum barna og unglínga** skal hvert félag tilnefna liðsstjóra sem aðstoðar starfsfólk mótsins við að halda reglu á mótinu. Mótanefnd er heimilt að sekta félög eftir 16. gr. ef þau vanrækja að tilnefna starfsfólk, halda liðsstjóra eða tilnefna dómara. Keppendur á **Íslandsmeistaramótum barna og unglínga** skulu vera komnir á mótsstað a.m.k. 30 mínútum áður en keppni hefst, en á Íslandsmeistaramótum fullorðinna skulu keppendur vera komnir á mótsstað a.m.k. 30 mínútum áður en keppni hefst í þeirra keppnisflokki. Sé **Íslandsmeistaramót barna eða unglínga** mjög fjölmennt getur mótanefnd skipt því upp í 2 hluta og þurfa þá keppendur að vera komnir á mótsstað a.m.k. 30 mínútum áður en keppni hefst í þeirra hluta.

I) Heitið Íslandsmeistaramót.

Samþykkt einróma.

II) Að tillögu KAÍ er setningunni „Ef keppt er á tveimur eða fleiri völlum á móti...“ bætt inn í 6. gr. þannig að upphaf greinarinnar verði „Ef keppt er á tveimur eða fleiri völlum á móti skulu á hverjum velli vera kynnir...“.

Samþykkt einróma.

III) Helgi Jóhannesson dregur nú fram úr tillögu sinni, sem hann hafði áður dregið til baka, klausuna „Hverju þáttökufélagi er skylt að tilnefna einn starfsmann fyrir hverja 10 keppendur eða hluta af þeim fjölda og a.m.k. einn dómara með tilskilin réttindi viðurkennd af KAÍ.“ og leggur til að hún komi í stað orðalagsins *Hvert þáttökufélag er*

skylt að tilnefna 1 starfsmann fyrir hverja 10 keppendur eða hluta af þeim fjölda og a.m.k. einn dómara.

Birgir Hjartarson bendir á hve fáir dómara, viðurkenndir af KAÍ, eru til reiðu nú og spyr um gildistöku þessa nýja ákvæðis, ef samþykkt verður.

Gunnlaugur Sigurðsson svarar því til að breytingar, samþykktar á þinginu, taki gildi næsta keppnistímabil.

Indriði Jónsson bendir á að t.d. á barnamótum í kata dæmi fjöldi fólks sem ekki hefur dómararéttindi og leggur til að ekki verði endilega áskilin réttindi heldur verði t.d. miðað við að viðkomandi hafi náð minnst 3. kyu.

Ólafur Hreinsson leggur til að a.m.k. verði alltaf einn dómari með réttindi frá hverju félagi en honum geti fylgt réttindalausir dómara.

Helgi Jóhannesson gagnrýnir mjög að rök hans fyrir breytingatillögum, sem fylgdu upphaflegri tillögu hans, voru ekki kynnt þingheimi.

Vicente Carrasco segir nauðsynlegt að halda fleiri dómaraámskeið.

Ólafur Hreinsson bendir á að félögum sé skylt að skila inn lista yfir dómara til mótanefndar og ætti þá að gefast nægur tími til að fara yfir hverjir skuli dæma á hverju móti.

Gunnlaugur Sigurðsson les nú upp hluta af rökum Helga Jóhannessonar.

Helgi Jóhannesson segir þá reglu víða gilda að keppnisréttindi séu háð því að þátttakendur útvegi dómara.

Tillagan borin undir atkvæði.

Samþykkt einróma.

8. gr. var:

Á Íslandsmeistaramóti í Kata skal keppt í eftirfarandi greinum:

1. *Kata kvenna.*
2. *Kata karla.*
3. *Hópkata kvenna (3ja kvenna sveitir).*
4. *Hópkata karla (3ja manna sveitir).*

Á Íslandsmeistaramóti í Kumite skal keppt í eftirfarandi greinum:

1. *Kumite kvenna, -57 kg.*
2. *Kumite kvenna, +57 kg.*

3. Kumite kvenna, opinn flokkur.
4. Kumite karla, -65 kg.
5. Kumite karla, -70 kg.
6. Kumite karla, -75 kg.
7. Kumite karla, -80 kg.
8. Kumite karla, +80 kg.
9. Kumite karla, opinn flokkur.
10. Liðakeppni karla (3 manna sveitir).
11. Liðakeppni kvenna (3 kvenna sveitir).

Á Unglingameistaramóti í Kumite skal keppt í eftirfarandi greinum:

1. Kumite drengja 12 ára.
2. Kumite drengja 13 ára.
3. Kumite pilta 14 ára.
4. Kumite pilta 15 ára.
5. Kumite pilta (kadett) 16 og 17 ára.
6. Kumite karla (junior) 18 til 20 ára.
7. Kumite telpna 12 og 13 ára.
8. Kumite stúlkna 14 og 15 ára.
9. Kumite stúlkna (kadett) 16 og 17 ára.
10. Kumite kvenna (junior) 18 til 20 ára.

Á Unglingameistaramóti í Kata skal keppt í eftirfarandi greinum:

1. Kata táninga 13 ára.
2. Kata táninga 14 ára.
3. Kata pilta kadetar 15 og 16 ára.
4. Kata stúlkna kadetar 15 og 16 ára.
5. Kata pilta juniorar 17 til 20 ára.
6. Kata stúlkna juniorar 17 til 20 ára.
7. Hópkata táninga 13 og 14 ára.
8. Hópkata táninga 15 til 17 ára.
9. Hópkata juniora 18 til 20 ára.

Á Meistaramóti barna í Kata skal keppt í eftirfarandi greinum:

1. Kata barna 7 ára og yngri.
2. Kata barna 8 ára.
3. Kata barna 9 ára.
4. Kata barna 10 ára.
5. Kata krakka 11 ára.
6. Kata krakka 12 ára.
7. Hópkata krakka 8 ára og yngri.
8. Hópkata krakka 9 ára og 10 ára.

9. Hópkata krakka 11 ára og 12 ára.

Á barna- og unglíngameistaramótum skal miðað við fæðingarár. Þar skulu keppendur hafa æft karate í 1. ár hið minnsta. Í kata skulu drengir og stúlkur yngri en 15 ára keppa í sama flokki. Í hópkata skal sveit keppa í þeim aldursflokki sem elsti keppandi sveitar skyldi keppa í. Barnamótið er fyrir börn 12 ára og yngri en unglíngamótið í kata fyrir 13 til 20 ára. Lágmarksaldur keppenda á mótum fullorðinna skal vera 16 ára í kata og í þyngdarflokkum í kumite en 18 ára í opnum flokki í kumite og skal miða við fæðingarár.

8. gr. verður:

Á Íslandsmeistaramóti **fullorðinna** í Kata skal keppt í eftirfarandi greinum:

5. Kata kvenna.
6. Kata karla.
7. Hópkata kvenna (3ja kvenna sveitir).
8. Hópkata karla (3ja manna sveitir).

Á Íslandsmeistaramóti **fullorðinna** í Kumite skal keppt í eftirfarandi greinum:

12. Kumite kvenna, -57 kg.
13. Kumite kvenna, +57 kg.
14. Kumite kvenna, opinn flokkur.
15. Kumite karla, -65 kg.
16. Kumite karla, -70 kg.
17. Kumite karla, -75 kg.
18. Kumite karla, -80 kg.
19. Kumite karla, +80 kg
20. Kumite karla, opinn flokkur.
21. Liðakeppni karla (3 manna sveitir).
22. Liðakeppni kvenna (3 kvenna sveitir).

Á **Íslandsmeistaramóti unglínga** í Kumite skal keppt í eftirfarandi greinum:

11. Kumite drengja 12 ára.
12. Kumite drengja 13 ára.
13. Kumite pílta 14 ára.
14. Kumite pílta 15 ára.
15. Kumite pílta (kadett) 16 og 17 ára.
16. Kumite karla (junior) 18 til 20 ára.
17. Kumite telpna 12 og 13 ára.
18. Kumite stúlkna 14 og 15 ára.
19. Kumite stúlkna (kadett) 16 og 17 ára.
20. Kumite kvenna (junior) 18 til 20 ára.

Á **Íslandsmeistaramóti unglínga** í Kata skal keppt í eftirfarandi greinum:

10. Kata táninga 13 ára.
11. Kata táninga 14 ára.
12. Kata pílta kadetar 15 og 16 ára.
13. Kata stúlkna kadetar 15 og 16 ára.
14. Kata pílta juniorar 17 til 20 ára.
15. Kata stúlkna juniorar 17 til 20 ára.
16. Hópkata táninga 13 og 14 ára.
17. Hópkata táninga 15 til 17 ára.
18. Hópkata juniora 18 til 20 ára.

Á **Íslandsmeistaramóti** barna í Kata skal keppt í eftirfarandi greinum:

10. Kata barna 7 ára og yngri.
11. Kata barna 8 ára.
12. Kata barna 9 ára.
13. Kata barna 10 ára.
14. Kata krakka 11 ára.
15. Kata krakka 12 ára.
16. Hópkata krakka 8 ára og yngri.
17. Hópkata krakka 9 ára og 10 ára.
18. Hópkata krakka 11 ára og 12 ára.

Á **Íslandsmeistaramótum barna og unglunga** skal miðað við fæðingarár. Þar skulu keppendur hafa æft karate í 1. ár hið minnsta. Í kata skulu drengir og stúlkur yngri en 15 ára keppa í sama flokki. Í hópkata skal sveit keppa í þeim aldursflokki sem elsti keppandi sveitar skyldi keppa í. Barnamótið er fyrir börn 12 ára og yngri en unglingamótið í kata fyrir 13 til 20 ára. Lágmarksaldur keppenda á mótum fullorðinna skal vera 16 ára í kata og í þyngdarflokkum í kumite en 18 ára í opnum flokki í kumite og skal miða við fæðingarár.

I) Heitið Íslandsmeistaramót.

Samþykkt einróma.

II) Helgi Jóhannesson dregur enn fram hluta af breytingatillögu sinni og mælist til þess að þyngdarflokkaskipting í kumite kvenna verði –60 kg og +60 kg í stað –57 kg og +57 kg.

Vicente Carrasco segir æskilegt að fylgja hér alþjóðlegum reglum.

Helgi Jóhannesson segir breytingatillöguna einmitt setta fram með alþjóðlegar reglur í huga.

Samþykkt einróma.

Þegar hér var komið sögu var farið yfir í ýmsar aðrar breytingatillögur áður en lokið var við að afgreiða tillögur Fjölnis sem falla undir a-lið í umfjöllun um reglugerðarbreytingar.

b) Tillaga Vicente Carrasco um að lækka aldursmörk á UM í kumite niður í 10 ára.

Helgi Jóhannesson mótmælir tillögunni og segist ekki telja kumitekeppni svo ungra iðkenda eiga heima annars staðar en á innanfélagsmótum.

Indriði Jónsson tekur í sama streng og bætir því við að auk þess myndi 10 ára aldur heyrja undir barnamót.

Sigríður Hrönn Halldórsdóttir telur 10 og 11 ára gamalt fólk ekki vera unglunga.

Kristján Gaukur Kristjánsson segir núverandi skiptingu öðrum þræði vera til að dreifa keppendafjölda milli móta og minnka þar með álag.

Fellt með öllum atkvæðum á móti tveimur.

c) Tillaga Vicente Carrasco um að bæta við liðakeppni í UM í kumite. Laga- og leikreglanefnd leggur til að málinu verði vísað til stjórnar KAÍ.

Samþykkt einróma.

d) Eftirfarandi tillaga Helga Jóhannessonar:

-8. gr. Á Unglingameistaramóti í Kumite skal keppt í eftirfarandi greinum:

- 1. Kumite drengja 12 ára.*
- 2. Kumite drengja 13 ára.*
- 3. Kumite pilta 14 ára.*
- 4. Kumite pilta 15 ára.*
- 5. Kumite pilta (kadett) 16 og 17 ára.*
- 6. Kumite karla (junior) 18 til 20 ára.*
- 7. Kumite telpna 12 og 13 ára.*
- 8. Kumite stúlkna 14 og 15 ára.*
- 9. Kumite stúlkna (kadett) 16 og 17 ára.*
- 10. Kumite kvenna (junior) 18 til 20 ára.*

Verði þess í stað: *Á Unglingameistaramóti í Kumite skal keppt í eftirfarandi greinum:*

- 1. Kumite drengja 12 ára.*
- 2. Kumite drengja 13 ára.*
- 3. Kumite pilta 14 ára.*
- 4. Kumite pilta 15 ára.*
- 5. Kumite pilta (kadett) 16 og 17 ára.*
- 6. Kumite telpna 12 og 13 ára.*
- 7. Kumite stúlkna 14 og 15 ára.*

8. *Kumite stúlkna (kadett) 16 og 17 ára.*

Reinhardt ræðir um sambærilegar breytingar erlendis en þar er stefnt á að taka inn 14 – 15 ára flokk í staðinn.

Samþykkt einróma.

e) Sambærileg tillaga fyrir kata:

-8. gr. *Á Unglingameistaramóti í Kata skal keppt í eftirfarandi greinum:*

1. *Kata táninga 13 ára.*
2. *Kata táninga 14 ára.*
3. *Kata pilta kadetar 15 og 16 ára.*
4. *Kata stúlkna kadetar 15 og 16 ára.*
5. *Kata pilta juniorar 17 til 20 ára.*
6. *Kata stúlkna juniorar 17 til 20 ára.*
7. *Hópkata táninga 13 og 14 ára.*
8. *Hópkata táninga 15 til 17 ára.*
9. *Hópkata juniora 18 til 20 ára.*

Verði þess í stað: *Á Unglingameistaramóti í Kata skal keppt í eftirfarandi greinum:*

1. *Kata táninga 13 ára.*
2. *Kata táninga 14 ára.*
3. *Kata pilta kadetar 15 til 17 ára.*
4. *Kata stúlkna kadetar 15 til 17 ára.*
5. *Hópkata táninga 13 og 14 ára.*
6. *Hópkata táninga 15 til 17 ára.*

Samþykkt einróma.

f) Breytingatillaga stjórnar KAÍ:

er:

Á Meistaramóti barna í Kata skal keppt í eftirfarandi greinum:

1. *Kata barna 7 ára og yngri.*
2. ...

verður:

1. *Kata barna 8 ára og yngri.*
2. ...

Ólafur Hreinsson styður tillöguna og ber við lélegum undirbúningi yngstu keppendanna og vandræðum við dómgæslu í tengslum við það.

Vicente Carrasco telur ekki rétt að meina sjö ára börnum aðgang að keppni.

Helgi Jóhannesson tekur undir sjónarmið Vicente og rökstyður með því að hann fái þar með tækifæri til að kenna keppendum úr öðrum karatestílum kata á keppnisvöllinum. Er þar að sjálfsögðu um háð að ræða.

Sigríður Hrönn Halldórsdóttir telur rétt að börn hafi öðlast ákveðna lágmarksreynslu áður en þau stíga á keppnisvöllinn.

Samþykkt með öllum atkvæðum gegn tveimur.

g) Tillaga Helga Jóhannessonar:

Á barna- og unglíngameistaramótum skal miðað við fæðingarár. Þar skulu keppendur hafa æft karate í 1. ár hið minnsta. Í kata skulu drengir og stúlkur yngri en 15 ára keppa í sama flokki. Í hópkata skal sveit keppa í þeim aldursflokki sem elsti keppandi sveitar skyldi keppa í. Barnamótið er fyrir börn 12 ára og yngri en unglíngamótið í kata fyrir 13 til 20 ára. Lágmarksaldur keppenda á mótum fullorðinna skal vera 16 ára í kata og í þyngdarflokkum í kumite en 18 ára í opnum flokki í kumite og skal miða við fæðingarár.

Verði: en 18 ára í opnum flokki í kumite **og í liðakeppni í kumite**, miða skal við fæðingarár.

Samþykkt einróma.

h) Tillaga Ágústu Rósu Andrésdóttur:

8. gr.

Á Íslandsmeistaramóti í Kata skal keppt í eftirfarandi greinum:

1. Kata kvenna.
2. Kata karla.
3. Hópkata kvenna (3ja kvenna sveitir).
4. Hópkata karla (3ja manna sveitir).

Á Íslandsmeistaramóti í Kumite skal keppt í eftirfarandi greinum:

1. Kumite kvenna, -57 kg.
2. Kumite kvenna, +57 kg.
3. Kumite kvenna, opinn flokkur.
4. Kumite karla, -65 kg.
5. Kumite karla, -70 kg.

6. Kumite karla, -75 kg.
7. Kumite karla, -80 kg.
8. Kumite karla, +80 kg
9. Kumite karla, opinn flokkur.
10. Liðakeppni karla (3 manna sveitir).
11. Liðakeppni kvenna (3 kvenna sveitir).

Á Unglingameistaramóti í Kumite skal keppt í eftirfarandi greinum:

1. Kumite drengja 12 ára.
2. Kumite drengja 13 ára.
3. Kumite pilta 14 ára.
4. Kumite pilta 15 ára.
5. Kumite pilta (kadett) 16 og 17 ára.
6. Kumite karla (junior) 18 til 20 ára.
7. Kumite telþna 12 og 13 ára.
8. Kumite stúlkna 14 og 15 ára.
9. Kumite stúlkna (kadett) 16 og 17 ára.
10. Kumite kvenna (junior) 18 til 20 ára.

Á Unglingameistaramóti í Kata skal keppt í eftirfarandi greinum:

1. Kata táninga 13 ára.
2. Kata táninga 14 ára.
3. Kata pilta kadetar 15 og 16 ára.
4. Kata stúlkna kadetar 15 og 16 ára.
5. Kata pilta juniorar 17 til 20 ára.
6. Kata stúlkna juniorar 17 til 20 ára.
7. Hópkata táninga 13 og 14 ára.
8. Hópkata táninga 15 til 17 ára.
9. Hópkata juniora 18 til 20 ára.

Á Meistaramóti barna í Kata skal keppt í eftirfarandi greinum:

1. Kata barna 7 ára og yngri.
2. Kata barna 8 ára.
3. Kata barna 9 ára.
4. Kata barna 10 ára.
5. Kata krakka 11 ára.
6. Kata krakka 12 ára.
7. Hópkata krakka 8 ára og yngri.
8. Hópkata krakka 9 ára og 10 ára.
9. Hópkata krakka 11 ára og 12 ára.

Á barna- og unglíngameistaramótum skal miðað við fæðingarár. Þar skulu keppendur hafa æft karate í 1. ár hið minnsta. Í kata skulu drengir og stúlkur yngri en 15 ára keppa í

sama flokki. Í hópkata skal sveit keppa í þeim aldursflokki sem elsti keppandi sveitar skyldi keppa í. Barnamótið er fyrir börn 12 ára og yngri en unglíngamótið í kata fyrir 13 til 20 ára. Lágmarksaldur keppenda á mótum fullorðinna skal vera 16 ára í kata og í þyngdarflokkum í kumite en 18 ára í opnum flokki í kumite og skal miða við fæðingarár.

Verður:

8. gr.

Á Íslandsmeistaramóti í Kata skal keppt í eftirfarandi greinum:

1. Kata kvenna.
2. Kata karla.
3. Hópkata kvenna (3ja kvenna sveitir).
4. Hópkata karla (3ja manna sveitir).

Á Íslandsmeistaramóti í Kumite skal keppt í eftirfarandi greinum:

1. Kumite kvenna, -57 kg.
2. Kumite kvenna, +57 kg.
3. Kumite kvenna, opinn flokkur.
4. Kumite karla, -65 kg.
5. Kumite karla, -70 kg.
6. Kumite karla, -75 kg.
7. Kumite karla, -80 kg.
8. Kumite karla, +80 kg.
9. Kumite karla, opinn flokkur.
10. Liðakeppni karla (3 manna sveitir).
11. Liðakeppni kvenna (3 kvenna sveitir).

Á Unglíngameistaramóti í Kumite skal keppt í eftirfarandi greinum:

1. Kumite drengja 12 ára.
2. Kumite drengja 13 ára.
3. Kumite pílta 14 ára.
4. Kumite pílta 15 ára.
5. Kumite pílta (kadett) 16 og 17 ára.
6. Kumite karla (junior) 18 til 20 ára.
7. Kumite telpna 12 og 13 ára.
8. Kumite stúlkna 14 og 15 ára.
9. Kumite stúlkna (kadett) 16 og 17 ára.
10. Kumite kvenna (junior) 18 til 20 ára.

Á Unglíngameistaramóti í Kata skal keppt í eftirfarandi greinum:

1. Kata táninga 13 ára.
2. Kata táninga 14 ára.
3. Kata pílta kadetar 15 og 16 ára.
4. Kata stúlkna kadetar 15 og 16 ára.
5. Kata pílta juniorar 17 til 20 ára.
6. Kata stúlkna juniorar 17 til 20 ára.
7. Hópkata táninga 13 og 14 ára.
8. Hópkata táninga 15 til 17 ára.
9. Hópkata juniora 18 til 20 ára.

Á Meistaramóti barna í Kata skal keppt í eftirfarandi greinum:

1. Kata barna 7 ára og yngri.
2. Kata barna 8 ára.
3. Kata barna 9 ára.
4. Kata barna 10 ára.
5. Kata krakka 11 ára.
6. Kata krakka 12 ára.
7. Hópkata krakka 8 ára og yngri.
8. Hópkata krakka 9 ára og 10 ára.
9. Hópkata krakka 11 ára og 12 ára.

Á barna- og unglíngameistaramótum skal miðað við fæðingarár. Þar skulu keppendur hafa æft karate í 1. ár hið minnsta. Í kata skulu drengir og stúlkur yngri en 15 ára keppa í sama flokki. Í hópkata skal sveit keppa í þeim aldursflokki sem elsti keppandi sveitar skyldi keppa í. Barnamótið er fyrir börn 12 ára og yngri en unglíngamótið í kata fyrir 13 til 20 ára. /*Lágmarksaldur keppenda á mótum fullorðinna skal vera 14 ára í kata**, 16 ára*/ í þyngdarflokkum í kumite en 18 ára í opnum flokki í kumite og skal miða við fæðingarár.

Laga- og leikreglanefnd ákvað að málið yrði ekki afgreitt úr nefnd en Ágústa ákvað að áeggjan Kristjáns Gauks Kristjánssonar að endurflytja tillöguna. Urðu nokkuð snörp orðaskipti um tillögu Ágústu.

Helgi Jóhannesson telur 14 ára iðkendur geta valið úr nægum mótum til að keppa á auk þess sem tillagan sé ekki í takt við erlendar reglur.

Fellt með öllum atkvæðum gegn sex.

i) Tillaga Vicente Carrasco:

Leyfa að fylla upp í hópkatalið á UM í kata með keppendum af meistaramóti barna, svo framarlega sem viðkomandi keppendur hafi ekki keppt í hópkata á MB.

Hér urðu einnig nokkuð snarpar umræður.

Fellt með öllum atkvæðum gegn fjórum.

Er nú þráðurinn tekinn upp að nýju í a-lið og fjallað um breytingatillögu Fjölnis við þær greinar reglugerðarinnar sem eftir voru, 9. og 10. gr.

a-frh.) Tillaga Fjölnis:

9. gr. var:

Meistaraverðlaun skulu vera fyrir 1. sæti, verðlaunagripur eða gylltur peningur, fyrir annað sæti silfurlitaður peningur og það þriðja bronslitaður peningur. Þegar keppt er eftir uppreisnarfyrirkomulagi er ekki keppt um 3ja sæti heldur skal veita tvenn bronsverðlaun fyrir 3-4 sæti. Íslandsmeistarar í sveitakeppnum fá auk þess til varðveislu farandbikar, sem viðkomandi félag hlýtur til eignar eftir að hafa unnið hann fimm sinnum í röð eða átta sinnum alls. Á barna- og unglíngamótum skal verðlauna það félag sem fær flest stig með farandbikar til varðveislu en einnig annan minni áritaðan til eignar.

9. gr. verður:

***Íslandsmeistaraverðlaun** skulu vera fyrir 1. sæti, verðlaunagripur eða gylltur peningur, fyrir annað sæti silfurlitaður peningur og það þriðja bronslitaður peningur. Þegar keppt er eftir uppreisnarfyrirkomulagi er ekki keppt um 3ja sæti heldur skal veita tvenn bronsverðlaun fyrir 3-4 sæti. Íslandsmeistarar í sveitakeppnum fá auk þess til varðveislu farandbikar, sem viðkomandi félag hlýtur til eignar eftir að hafa unnið hann fimm sinnum í röð eða átta sinnum alls. Á **Íslandsmeistaramótum barna og unglínga** skal verðlauna það félag sem fær flest stig með farandbikar til varðveislu en einnig annan minni áritaðan til eignar.*

Samþykkt einróma.

10. gr. var:

Á fullorðinsmótum í kata skal keppt eftir útsláttarfyrirkomulagi. Keppendum er heimilt að sýna hverja þá kata sem kemur frá eftirtöldum fjórum meginstílum viðurkenndum af WKF, Goju-Ryu, Shito-Ryu, Shotokan og Wado-Ryu. Sjá [viðauka yfir kata](#) viðurkenndar af KAÍ. Keppt skal eftir keppnisreglum WKF þar sem því verður við komið. Ef keppendur fylla ekki heila umferð skal hún vera undanumferð og má þá endurtaka kata úr þeirri umferð í seinni umferðum. Keppa skal til úrslita til að ákvarða fyrsta og annað sæti en tveir keppendur geta verið í þriðja sæti. Dómarar í úrslitum skulu ávallt vera fimm og helst einn úr hverju af stærstu félögunum, en þó hið minnsta einn frá hverri stíltegund. Reglur um réttindi dómara geta þó leitt til annars. Ef ekki skrá sig til leiks fleiri en tveir keppendur eða lið, fellur keppni niður í þeirri grein. Keppanda í þeim flokki er þá heimilt að keppa í næsta flokki fyrir ofan í þyngd eða aldri.

10. gr. verður:

*Á **Íslandsmeistaramótum fullorðinna** í kata skal keppt eftir útsláttarfyrirkomulagi. Keppendum er heimilt að sýna hverja þá kata sem kemur frá eftirtöldum fjórum*

meginstílum viðurkenndum af WKF, Goju-Ryu, Shito-Ryu, Shotokan og Wado-Ryu. Sjá [viðauka yfir kata](#) viðurkenndar af KAÍ. Keppt skal eftir keppnisreglum WKF þar sem því verður við komið. Ef keppendur fylla ekki heila umferð skal hún vera undanumferð og má þá endurtaka kata úr þeirri umferð í seinni umferðum. Keppa skal til úrslita til að ákvarða fyrsta og annað sæti en tveir keppendur geta verið í þriðja sæti. Dómarar í úrslitum skulu ávallt vera fimm og helst einn úr hverju af stærstu félögunum, en þó hið minnsta einn frá hverri stíltegund. Reglur um réttindi dómara geta þó leitt til annars. Ef ekki skrá sig til leiks fleiri en tveir keppendur eða lið, fellur keppni niður í þeirri grein. Keppanda í þeim flokki er þá heimilt að keppa í næsta flokki fyrir ofan í þyngd eða aldri.

Samþykkt einróma.

j) Tillaga Helga Jóhannessonar:

17. gr.

Mótmæli varðandi einstaka viðureignir skal liðsstjóri viðkomandi liðs eða einstaklings koma á framfæri strax við aðstoðardómara. Hann skal þá stöðva leikinn og skulu dómarar strax halda fund og úrskurða í málinu. Eftir að viðureign lýkur og dómari hefur tilkynnt úrslit er eigi unnt að kom fram mótmælum varðandi stigagjöf. Kærum varðandi stigagjöf eða dómgæslu í katakeppni, skal komið á framfæri við aðaldómara um leið og hlé er gert á keppni og eigi síðar en áður en úrslit eru tilkynnt eða keppendum veitt verðlaun.

Verði: Ekki má mótmæla dómi við dómara. Ef dómaragjörð virðist brjóta gegn reglunum, hafa formaður viðkomandi félags eða þjálfari keppanda einir rétt til að mótmæla. Mótmælin verða að berast til Yfirdómara viðkomandi móts. Þegar þar að kemur, mun dómaranefnd KAÍ fara yfir aðstæður sem leiddu til mótmælanna. Eftir að hafa tekið tillit til allra staðreynda sem fyrir liggja munu þeir skila skýrslu og hafa vald til að framkvæma það sem ber að gera.

Laga- og leikreglanefnd gerði tillögu um þá breytingu að í stað niðurlagsins „og hafa vald til að framkvæma það sem ber að gera.“ komi „til stjórnar KAÍ og viðkomandi aðila.“.

Indriði Jónsson vill að liðsstjóri bætist við þá aðila sem geta mótmælt.

Helgi Jóhannesson bendir á að oft fari saman liðsstjórn og þjálfun og sé hér átt við sambærilegt hugtak og *coach* í erlendum reglum. Leggur hann til að orðið *þjálfari* verði *liðsstjóri*.

Samþykkt einróma (þ.e. breytingatillagan sjálf, orðalagsbreyting nefndarinnar og orðalagsbreyting Indriða).

Reglugerðin í heild samþykkt einróma.

Aðrar reglugerðir lagðar fram.

k) Reglugerð stjórnar KAÍ um merki og búninga:

REGLUR UM BÚNINGA OG -MERKI KARATESAMBANDS ÍSLANDS.	
Almennar reglur.	
1. gr.	<i>Landsliðsbúninga Íslands í Karate er eingöngu heimilt að nota á landsliðsæfingum, á landsliðsferðum erlendis og þegar keppt er fyrir Íslands hönd innanlands.</i>
2. gr.	<i>Keppnisbúninga með Landsliðsmerki Íslands í Karate er eingöngu heimilt að nota á landsliðsæfingum, á landsliðsferðum erlendis og þegar keppt er fyrir Íslands hönd innanlands.</i>
3. gr.	<i>Fatnað með merki Karatesambands Íslands er eingöngu heimilt að nota þegar komið er opinberlega fram fyrir hönd Karatesambandsins, innanlands sem erlendis.</i>

Rætt stuttlega um 3. greinina. Indriði Jónsson bendir á stuttermaboli með merki KAÍ, er þá óleyfilegt að nota þá við önnur tækifæri en getið er í 3. grein? Bolirnir almennt ekki taldir falla undir reglugerðina, einungis keppnis- og æfingafatnaður. Tillaga um að bætt verði við 3. grein þannig að hún hefjist á orðunum *Formlegan fatnað*.

Samþykkt einróma.

l) Reglugerð stjórnar KAÍ um Grand Prix-mót:

REGLUR UM GRAND PRIX MÓT Í KARATE.	
Almennar reglur.	
1. gr.	<i>Árlega skal halda Grand Prix mót KAÍ í kumite og kata. Hvert tímabil nær frá 1. september til 31. maí næsta ár. Grand Prix mótinu skal skipta í tvo, þrjú eða fjóra hluta fyrirfram. Keppt skal í hverjum hluta mótsins í kata og kumite. Grand Prix mót eru fyrir unglina 12 til 17 ára og skal miðað við fæðingarár í upphafi keppnistímabils.</i>
2. gr.	<i>Á Grand Prix móti í Karate skal keppt í eftirfarandi greinum:</i> <ol style="list-style-type: none"><i>Kumite drengja 12 ára.</i><i>Kumite drengja 13 ára.</i><i>Kumite pílta 14 ára.</i><i>Kumite pílta 15 ára.</i><i>Kumite pílta (kadett) 16 og 17 ára.</i>

	<p>6. Kumite telpna 12 og 13 ára.</p> <p>7. Kumite stúlkna 14 og 15 ára.</p> <p>8. Kumite stúlkna (kadett) 16 og 17 ára.</p> <p>9. Kata barna 12 ára.</p> <p>10. Kata táninga 13 ára.</p> <p>11. Kata táninga 14 ára.</p> <p>12. Kata táninga 15 ára.</p> <p>13. Kata kadetta 16 og 17 ára.</p>
3. gr.	<p>Skrá og greiða þarf þátttökugjald fyrir hvern keppanda í upphafi mótaráðar og gildir skráningin á öll mótin. Þeir einir fá að keppa sem taka þátt í fyrsta mótinu og keppa þeir í sama flokki á öllum þremur mótunum. Ekki er hægt að byrja á öðru eða þriðja mótinu. Skráningu skal vera lokið 7 dögum fyrir fyrsta mótið og skal skrá fæðingarár, gráðu, þyngd og hæð í upphafi mótaráðarinnar. Mótanefndin getur skipta upp stórum flokkum eða breytt flokkum í þyngdarflokka innan t.d. tveggja ára.</p>
4. gr.	<p>Eftir hvern hluta skal gefa 10 stig fyrir fyrsta sæti, 8 stig fyrir annað sæti, 6 stig fyrir þriðja sæti, 5 stig fyrir fjórða sæti, 3 stig fyrir fimmta og sjötta sæti, 1 stig fyrir sjöunda og áttunda sæti. Ef einungis einn keppandi mætir í tilteknum flokki skal hann fá 10 stig, enda hafi hann farið ósigraður frá móti. Eftir að öllum Grand Prix mótum tímabilsins er lokið skal þremur stigahæstu keppendum í hverri grein veitt verðlaun. Séu tveir einstaklingar jafnir að stigum í lok Grand Prix keppinnar vinnur sá er oftast var í fyrsta sæti. Sé enn jafnt vinnur sá er oftast hefur verið í öðru sæti og svo framvegis.</p>
5. gr.	<p>Mótanefnd KAÍ sér um framkvæmd Grand Prix móta KAÍ. Mótanefnd er heimilt að fela einstökum félögum að halda utan um framkvæmd einstakramóta, s.s. að útvega aðstöðu, starfsfólk o.s.frv.</p>
6. gr.	<p>Að öðru leyti skal fylgja reglugerð um Íslandsmeistaramót í Karate.</p>

Laga- og leikreglanefnd gerir þá tillögu að 3. grein orðist svo:

Skrá og greiða þarf þátttökugjald fyrir hvern keppanda. Keppendur keppa í sama flokki alla mótaráðina og skal miðað við fæðingarár í upphafi mótaráðar. Skráningu skal vera lokið 7 dögum fyrir mót og skal skrá fæðingarár, gráðu, þyngd og hæð. Mótanefndin getur skipta upp stórum flokkum eða breytt flokkum í þyngdarflokka innan t.d. tveggja ára.

Samþykkt einróma.

m) Reglugerð stjórnar KAÍ um aganefnd:

REGLUR UM AGANEFND KARATESAMBANDS ÍSLANDS.

Almennar reglur.

1. gr. Aganefnd skipa 5 menn kosnir af karateþingi til eins árs í senn og 3 til vara.
2. gr. Verkefni aganefndar er að úrskurða um kærur sem berast skriflega og þau atriði er fram kunna að koma á leikskýrslum dómara um karatemót, bæði mót sem mótanefnd KAÍ skipuleggur og önnur mót sem félög og sambönd innan KAÍ standa fyrir. Aganefnd getur einnig tekið upp mál sem hún telur heyra undir verksvið sitt. Kærur skulu hafa borist innan 1 mánaðar frá umræddu broti annars telst það fyrnt.
3. gr. Aganefnd ber að halda fund innan 2 vikna frá því að kæra berst með sannarlegum hætti til formanns nefndarinnar. Birta skal úrskurð nefndarinnar innan 1 mánaðar frá því að kæra berst formanni nefndarinnar.
4. gr. Úrskurður aganefndar getur fjallað um brot leikmanna, félaga, forystumanna félags, héraðs eða sérráðs.
5. gr. Úrskurði aganefndar verður ekki áfrýjað, nema um sé að ræða leikbann sem er lengra en 1 ár. Þá getur sá sem fær slíkan dóm skotið máli sínu til viðkomandi dómstóls Íþróttá- og Ólympíusamtaka Íslands.
6. gr. Aganefnd getur heimilað munnlegan málflutning ef sérstök ástæða er til.
7. gr. Brot leikmanna flokkast sem hér segir:
 - 7.1 Óþrúðmannleg hegðun á karatemóti.
 - 7.2 Ódrengilegt atferli og/eða andstætt eðli karate.
 - 7.3 Að láta sér um munn fara meiðandi ummæli um leikmenn, áhorfendur, dómara eða aðra starfsmenn - eða sýna þessum aðilum óþrúðmannlega hegðun.
 - 7.4 Að yfirgefa keppnisvöll um stund eða lengur án þess að hafa gildar ástæður.
 - 7.5 Að beita keppanda, dómara, starfsmann móts eða áhorfanda ofbeldi.
8. gr. Viðurlög vegna brota leikmanna flokkast þannig:
 - 7.1 Ef leikmaður hefur gerst brotlegur við eitthvert af atriðum 7.1 - 7.4 án þess að hljóta áminningu dómara, eða ef leikmaður er í annað skipti á sama keppnistímabili áminntur af dómara vegna brota 6.1 - 6.4 án þess að vera vísað af leikvelli, skal aganefnd veita honum áminningu, munnlega eða skriflega.
 - 7.2 Ef leikmanni er vísað af leikvelli fyrir brot á atriðum 7.1 - 7.4 getur aganefnd refsað honum með leikbanni um ákveðinn tíma og ef um endurtekin brot er að ræða getur leikbannið varað um lengri tíma.
 - 7.3 Ef dómara nefnd hefur vikið leikmanni af keppnisvelli fyrir brot á atriði 7.5 skal honum refsað með leikbanni um lengri tíma. Ef um ítrekun er að ræða skal refsingin þyngd.
 - 7.4 Teljist brotið mjög alvarlegs eðlis gæti refsingin orðið lífstíðarleikbann.

9. gr	<p><i>Brot félagsliða (eða sveita):</i> <i>Heilt lið brýtur af sér ef það yfirgefur leikvöll í mótmælaskyni eða neitar að halda keppni áfram.</i> <i>Refsing við því getur orðið brottrekstur úr keppni, stigatap, leikbann á öllum liðsmönnum liðsins (sveitarinnar).</i></p>
10. gr	<p><i>Ef áhorfendur gerast sekir um vítaverða eða hættulega framkomu gagnvart keppendum, dómurum eða öðrum starfsmönnum, er heimilt að svipta lið (eða sveit) rétti til að halda áfram eða stigum, ef sannað er að þeir sem óspektunum valda séu félagsmenn liðsins eða áhangendur þess.</i></p>

Laga- og leikreglanefnd gerði breytingar á númerum einstakra greina svo sem hér greinir (eingöngu leiðrétt uppsetning):

<p>7. gr. Brot leikmanna flokkast sem hér segir: 7.1 Óþrúðmannleg hegðun á karatemóti. 7.2 Ódregilegt atferli og/eða andstætt eðli karate. 7.3 Að láta sér um munn fara meiðandi ummæli um leikmenn, áhorfendur, dómara eða aðra starfsmenn - eða sýna þessum aðilum óþrúðmannlega hegðun. 7.4 Að yfirgefa keppnisvöll um stund eða lengur án þess að hafa gildar ástæður. 7.5 Að beita keppanda, dómara, starfsmann móts eða áhorfanda ofbeldi.</p>
<p>8. gr. Viðurlög vegna brota leikmanna flokkast þannig: 8.1 Ef leikmaður hefur gerst brotlegur við eitthvert af atriðum 7.1 - 7.4 án þess að hljóta áminningu dómara, eða ef leikmaður er í annað skipti á sama keppnistímabili áminntur af dómara vegna brota 6.1 - 6.4 án þess að vera vísað af leikvelli, skal aganefnd veita honum áminningu, munnlega eða skriflega. 8.2 Ef leikmanni er vísað af leikvelli fyrir brot á atriðum 7.1 - 7.4 getur aganefnd refsað honum með leikbanni um ákveðinn tíma og ef um endurtekin brot er að ræða getur leikbannið varað um lengri tíma. 8.3 Ef dómaranefnd hefur vikið leikmanni af keppnisvelli fyrir brot á atriði 7.5 skal honum refsað með leikbanni um lengri tíma. Ef um útrekun er að ræða skal refsingin þyngd. 8.4 Teljist brotið mjög alvarlegs eðlis gæti refsingin orðið lífstíðarleikbann.</p>
<p>9. gr. Brot félagsliða (eða sveita): Heilt lið brýtur af sér ef það yfirgefur leikvöll í mótmælaskyni eða neitar að halda keppni áfram. Refsing við því getur orðið brottrekstur úr keppni, stigatap, leikbann á öllum liðsmönnum liðsins (sveitarinnar).</p>

10. gr. Ef áhorfendur gerast sekir um vítaverða eða hættulega framkomu gagnvart keppendum, dómurum eða öðrum starfsmönnum, er heimilt að svipta lið (eða sveit) rétti til að halda áfram eða stigum, ef sannað er að þeir sem óspektunum valda séu félagsmenn liðsins eða áhangendur þess.

Ólafur Hreinsson bendir á mikilvægi þess fyrir KAÍ að skýrar reglur séu í gildi um brot á mótum.

Samþykkt einróma.

Laga- og leikreglanefnd hefur lokið störfum.

n) Fjárlaganefnd kynnir tillögur sínar um breytingar á fjárhagsáætlun 2007. Er þar um tvær breytingar að ræða:

Áætlaður kostnaður við mótahald færist úr 450.000 kr. í 470.000 kr.

Áætlaður kostnaður við landslið færist úr 350.000 kr. í 500.000 kr. undir liðnum kata.

Samþykkt einróma.

11. Önnur mál

Helgi Jóhannesson kveður sér hljóðs og ræðir um framkvæmd síðasta ÍM í kumite, einkum of mikla snertingu í bardögum. Tók hann saman refsingafjölda fyrir snertingu skipt niður á félög og telur verulegrar bragarbótar þörf – ekki sé verið að kenna keppendum nægilega vel heima í héraði. Helgi bendir að auki á að ekki sé nóg að aðaldómari á velli sé reyndur búi setudómarar ekki yfir nægri reynslu. Að lokum gagnrýnir Helgi aukinn fjölda móta og að álagið sé orðið of mikið á þá fáu einstaklinga sem að mótum koma. Beinir hann þessum síðasta punkti einkum til stjórnar KAÍ.

Vicente Carrasco tekur undir orð Helga og telur ríka þörf á að bæta dómgæslu.

Ágústa Rósa Andrésdóttir hrósar uppákomum á borð við Karatedaginn og telur þær ekki síður mikilvægar en mót.

Ólafur Hreinsson ræðir um þörf fyrir málþing til viðbótar við hefðbundið Karateþing.

Gunnlaugur Sigurðsson ræðir um nauðsyn þess að senda fleiri keppendum á erlend mót og bendir m.a. á reglur Taekwondo-sambandsins um landsliðsþátttöku og reglur um keppni.

Ágústa vill rétta hlut kata gagnvart kumite.

12. Kosning stjórnar

Willem Cornelius Verheul, formaður kjörnefndar, stígur í pontu og kynnir tillögur. Lyktir stjórnarkjörs verða þessar:

Reinharð Reinharðsson kjörinn formaður.

Í stjórn:

Atli Steinn Guðmundsson
Gunnlaugur Sigurðsson
Halldór Svavarsson
Kristján Gaukur Kristjánsson

Varamenn:

Ágústa Rósa Andrésdóttir
Indriði Jónsson
Willem Cornelius Verheul

Skoðunarmenn reikninga:

Helgi Jóhannesson
Indriði Jónsson

13. Kosning aganefndar

Ásmundur Ísak Jónsson – formaður
Grétar Örn Halldórsson
Gunnlaugur Sigurðsson
Helgi Jóhannesson
Vicente Carrasco

Varamenn:

Guðni Egilsson
Halldór Svavarsson
Willem Cornelius Verheul

14. Val fulltrúa á Íþróttaping

Fellur niður.

15. Þingslit

Þingforseti gefur formanni KAÍ, Reinharð Reinharðssyni, orðið. Reinharð þakkar starfsmönnum þingsins og þátttakendum.

Þingforseti flytur lokaávarp og slítur þinginu.

Þingslit kl. 15:36.

Atli Steinn Guðmundsson
þingritari